

# Fundargerð 6. fundar

## Landbúnaðar- og atvinnuálanefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 22. febrúar 2024  
**Fundartími:** 16:45 – 18:50

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Björk Guðbjörnsdóttir

### Dagskrá:

- Fundardagar nefndar  
Eftirfarandi dagsetningar voru ákveðnar fyrir næstu fundi nefndarinnar
  - 14. mars 2024 16:30
  - 11. apríl 2024 16:30
  - 9. maí 2024 16:30
  - 6. júní 2024 16:30
- Umræða um niðurstöður samráðsfundar vegna úrgangsmála í landbúnaði (dýrahæ og rúlluplast)
  - Ekki áhugi á rekstri hræsöfnunarbíls í nágrennasveitarfélögum skv. fulltrúa gámafélagsins. Og þess vegna ekki forsenda fyrir því að fara í slíkar aðgerðir.
  - Sveitarfélagið með til umræðu að leggja gjald á búfjáreigendur til að standa undir kostnaði við förgun dýrahæja.
  - Hafa þarf í huga að myndavélaeftirlit er háð persónuverndarlögum.
  - Óska eftir sundurliðun á kostnaði við förgun á dýrahæjum. Greiðir sveitarfélagið eitthvað fyrir urðunina eða er þetta eingöngu flutningskostnaður?
  - Aðgangsstýring að gámnum í formi “sumarhúsaðliðs” myndi spara kostnað í formi þess að þá myndu einungis þeir sem greiða gjald fyrir þjónustuna (búfjáreigendur í Flóahreppi) nýta hana en ekki aðrir.
  - SMS með dagsfyrirvara er heldur stuttur fyrirvari fyrir bændur. Álitlegt fyrirkomulag væri ef sorphirðudagatal sem myndi tilgreina í hvaða viku rúlluplastssöfnunin færi fram auk SMS til notanda með 1-2ja daga fyrirvara.
  - Stuðla að því að koma upp midri - gámum fyrir stórnotendur og stórum ruslakörum fyrir smærri notendur, þannig að losun rúlluplasts geti gengi gengið hratt og vel og án þess að bændur eða aðrir notendur þurfi að koma að losuninni nema þá ef þarf að hreinsa snjó frá gámum.
- Umræða um bókun sveitarstjórnar um afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu
  - Í ljósi tíðra rafmagnstruflana á svæðinu undanfarin ár telur nefndin að það sé mikilvægt að endurnýjun á dreifikerfi og viðhaldi þess sé sinnt vel.
  - Nefndin leggur til að sveitarfélagið tryggi afhendingaöryggi vatns um allt sveitarfélagið með varaafstöð. Vatn er lífsnauðsynlegt bæði fólki og búfénaði. Stórfellt rafmagnsleysi í kjölfar náttúruhamfara getur því ógnað heilsu og lífi ef afhendingaröryggi vatns er ekki tryggt.
  - Nefndin leggur til að sveitarfélagið skori á RARIK að gefa kost á því að skrá fleira en eitt símanúmer pr. notanda til að fá tilkynningar um skipulagt straumrof eða bilanir.
- Kynning á vinnu verkefnastjórnar um atvinnustefnu neðri hluta atvinnustefnu.
  - Guðmundur kynnti fyrir nefndarmönnum skipulag vinnunnar framundan.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum sem var slitið kl. 18:50